



Alþingi
Erindi nr. Þ 132/349
komudagur 1.12.2005

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 30. nóvember 2005

0511463SA ÞS/sp
Tilv.: 211

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 53/1993, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum

Vísað er til frumvarps til laga um breytingar á lögum nr. 53/1993, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, með síðari breytingum, 313. mál.

Meðfylgjandi er umsögn sambandsins um frumvarpið.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 53/1993, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum



Umsögn

Málsnr.: 0511463SA

Dags.: 30. nóvember
2005

Sambands íslenskra sveitarfélaga

Tilv.: 211/SÓK

um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 53/1993, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, með síðari breytingum, 313. mál

Nú liggur fyrir á Alþingi frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 53/1995, um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum, með síðari breytingum, 313. mál.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur ekki fengið frumvarpið formlega til umsagnar frá Alþingi en leyfir sér engu að síður að leggja fram eftirfarandi athugasemdir um málið.

Efni frumvarpsins felur í sér að gildistími laga nr. 53/1995 verður framlengdur. Felur það í sér fullnustu á niðurstöðu tekjustofnanefndar ríkis og sveitarfélaga frá 17. mars sl. Það hefur í för með sér að sveitarfélögin geta átt von á allt að 200 m. kr. árlægum styrk vegna framkvæmda þeirra í fráveitumálum á næstu þremur árum.

Samband íslenskra sveitarfélaga gerir sér grein fyrir því að frumvarpið er í samræmi við áður nefnda niðurstöðu tekjustofnanefndar. Á hinn bóginn er sambandinu ljóst að þessi tilgreinda árlega fjárhæð er engan vegin fullnægjandi þegar horft er til þeirra framkvæmda sem sveitarfélögin eiga ólokið í fráveitumálum á landinu öllu. Ekki náðist þó samstaða um hærri árlega styrkfjárhæð í tekjustofnanefnd.

Sveitarfélögin hafa lyft grettistaki í fráveitumálum á undanförunum 10 árum. Í upphafi var áætlað að kostnaður við verkefnið væri um 15 – 20 ma. kr. en Alþingi samþykkti árið 1995 að styrkja sveitarfélögin um allt að 200 milljónum á ári í 10 ár og var miðað við að styrkurinn væri sem næst virðisaukaskatti af styrkhæfum framkvæmdum.

Í lok ársins 2003 höfðu sveitarfélögin framkvæmt fyrir rúmlega 8 milljarða í styrkhæfum framkvæmdum og verulegar framkvæmdir voru því fyrirhugaðar á árinu 2004 og 2005. Líkur eru á því að í lok upphaflegs gildistíma laganna hafi sveitarfélögin framkvæmt fyrir um 10 ma. kr. og fengið 2 ma. kr. í styrk vegna þeirra. Samkvæmt nýjustu upplýsingum eiga sveitarfélögin þá, þ.e. eftir árið 2005, eftir að framkvæma fyrir um 9,5 ma. kr. til að ljúka fráveituframkvæmdum í samræmi við settar reglur. Styrkveitingar samkvæmt lögum nr. 53/1995 geta numið allt að 20% við tiltekna þætti í fráveituframkvæmdum. Einfaldir útreikningar sýna því að frumvarp þetta gerir um það bil ráð fyrir framkvæmdum fyrir 1 milljarð á ári næstu þrjú ár eða samtals 3 milljarða. Frumvarpið gerir því ráð fyrir því að engir styrkir komi vegna framkvæmda sveitarfélaga fyrir 6,5 milljarða króna.

Samband íslenskra sveitarfélaga telur þessa niðurstöðu með öllu óviðunandi fyrir sveitarfélögin og íbúa landsins. Fyrirsjáanlegt er kapphlaup sveitarfélaga næstu þrjú á til fá sem stærstan skerf af styrkfjárhæðinni. Hvernig það verður meðhöndlað þegar sótt verður um styrki fyrir mun hærrí fjárhæðir en sem nemur þeim 200 milljónum sem frumvarpið gerir ráð fyrir er ekki vitað. Hvort notast verður við „fyrstir koma fyrstir fá“ eða hvort beitt verður flötum niðurskurði liggur til að mynda ekki fyrir. Hitt er ljóst að í fyrsta lagi er fyrirsjáanlegt að ríkisvaldið mun ekki styrkja framkvæmdir sveitarfélaga í fráveitumálum eins og upphaflega var ætlunin, þ.e. sem nemur þeim virðisaukaskatti sem ríkið fær af framkvæmdunum. Í öðru lagi verður ójafnræði milli einstakra sveitarfélaga eftir því hvenær þau ráðast í þessar framkvæmdir, allt frá því að sum fá lægri styrki en önnur fá að líkindum enga styrki. Slík mismunun er óásættanleg. Næg mismunun er fólgin í því að kostnaður sveitarfélaga er allt frá um 10.000 krónur á íbúa til um 400.000 krónur á íbúa. Afleiðingin verður sú að einhver sveitarfélög munu ekki megna að koma fráveitumálum í það horf sem lög gera ráð fyrir. Sumir íbúar landsins munu því líklega búa við óviðunandi aðstæður hvað þetta varðar.

Samband íslenskra sveitarfélaga leggur því til að gerðar verði breytingar á frumvarpinu þannig að tryggt verði að allir íbúar landsins njóti sem mest sömu hlutfallslegra styrkja hvar sem þeir búa á landinu og óháð því hvenær í fráveituf framkvæmdir er ráðist.

Einfaldasta leiðin til að tryggja jafnræði íbúa landsins er því að 1. mgr. 4. gr. laganna verði jafnframt breytt þannig að í stað „200 m. kr.“ komi 400 m. kr. Sambandið telur að 400 milljón króna styrkur á ári sé nægilega há fjárhæð til að ná yfir árlegar framkvæmdir sveitarfélaga, m.v. um 20% framlag ríkisins, og þar með sé komið í veg fyrir skerðingar gagnvart einstökum sveitarfélögum. Jafnframt er alltaf tryggt að ríkissjóður þarf aldrei að greiða meira en sem nemur 20% af staðfestum heildarkostnaði styrkhæfra framkvæmda, sbr. 1. mgr. 4. gr. laganna.

Jafnframt er nauðsynlegt að líftími laganna verði lengdur a. m. k. í 5 ár því fyrir liggur að sveitarfélögin munu ekki ná að ljúka þessum framkvæmdum á næstu þremur árum.

Með þessum breytingartillögum sambandsins er tryggt að upphaflegrar fyrirætlanir ríkisins um að styrkja framkvæmdirnar sem nemur 20% af styrkhæfum framkvæmdum nái fram að ganga.

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri